

Erindisbréf skipulags- og framkvæmdanefndar Fjarðabyggðar

Umboð

1. gr.

Skipulags- og framkvæmdanefnd Fjarðabyggðar starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Nefndin skal móta stefnu bæjarins í umhverfis- og loftlagsmálum, gróður og ásýndarmálum, skipulags- og byggingarmálum, samgöngu- og umferðaröryggismálum og málefnum tengdum meðferð úrgangs ásamt því sem hún fer með náttúruverndarmál. Með sama hætti mótar hún stefnu um framkvæmdir bæjarins, viðhaldsmál, veitur og fasteignaumsýslu. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu meðal annars forgangsröðun framkvæmda. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði hennar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.

Verkefni

3. gr.

Skipulags- og framkvæmdanefnd fer með eftirtalin verkefni:

1. Skipulagsmál

- Verkefni skipulagsnefndar, sbr. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Skipulagstillögur, skipulagsskilmálar og tillögugerð til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim.
- Umsóknir um framkvæmdaleyfi, samanber 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga. Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingu á landamerkjum samkvæmt 48. gr. skipulagslaga.

2. Byggingarmál

- Verkefni byggingarnefndar samanber 7. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Umsóknir um byggingarleyfi og tillögugerð til bæjarráðs um afgreiðslu byggingarleyfismála sem ekki sæta fullnaðarákvörðun nefndarinnar eða byggingarfulltrúa.
- Tillögugerð til bæjarráðs um staðbundnar byggingarsamþykktir.
- Staðsetningu listaverka á almannafæri í bæjarlandinu.

3. Náttúruverndar- og umhverfismál

- Verkefni náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu.



- Stefnumótun í umhverfismálum og ábyrgð á gerð umhverfisáætlunar.
- Fyrirsvar varðandi fólkvanga sem bærinn á aðild að enda sé það ekki falið öðrum aðilum.
- Fegrún bæjarins og aðgerðir til að bæta umgengni með áherslu á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga.
- Umhirðu á lóðum í eigu sveitarfélagsins og á opnum svæðum bæjarins.
- Eftirlit með framkvæmdum og umhirðu á götum, gangstéttum, útvistar- og grænum svæðum í bænum, sem og á öðru landi bæjarins.
- Stefnumótun í úrgangsmálum, þ.m.t. sorphirðu, og framkvæmd á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- Ábyrgð á samningum um úrgangsmál, þ.m.t. söfnun, flutningi og förgun og tillögugerð til bæjarráðs um gjaldskrár varðandi meðhöndlun úrgangs.
- Dýravernd, þ.m.t. útgáfu leyfa og efírlit með hunda- og kattahaldi.

4. Umferðar- og umferðaröryggismál

- Stefnumótun í umferðaröryggismálum og aðgerðir til að auka umferðaröryggi.
- Umsjón með götumerkingum.
- Umsjón og skipulag skipulagðra samgangna.
- Ábyrgð á umferðarsamþykkt fyrir Fjarðabyggð og tillögum til breytinga á henni.
- Tillögugerð til lögreglustjóra varðandi varanleg sérákvæði um notkun vega til umferðar og aðrar ákværðanir sem hljóta þurfa staðfestingu stjórvalda ríkisins, sbr. 84. - 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

5. Landbúnaðarmál

- Ábyrgð á samþykkt um búfjárhald og búfjáreftírlit samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 38/2013.
- Umsjón með refa- og minkaveiðum.

6. Eignaumsýslu Fjarðabyggðar

- Tillögugerð til bæjarráðs um gæðakröfur við byggingu fasteigna og viðhald þeirra.
- Tillögur til bæjarráðs að forgangsröðun viðhalds og nýframkvæmda að höfðu samráði við forsvarsmenn málflokka og notendur húsnæðis bæjarins.
- Vörslu fasteigna bæjarins og rekstur félagslegs húsnæðis í eigu sveitarfélagsins.
- Umsjón með nýbyggingarverkefnum og hönnunar- og byggingarstjórn.

7. Veitur Fjarðabyggðar

- Stjórnun Fráveitu Fjarðabyggðar á grundvelli laga nr. 53/1995 um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, ákvæða laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og



mengunarvarnir. Stefnumótun og umfjöllun um rekstur og nýframkvæmdir fráveitu Fjarðabyggðar. Umsjón með fráveitureglugerð Fjarðabyggðar og framkvæmd hennar.

- Stjórnun Hitaveitu Fjarðabyggðar í samræmi við reglugerð þar um.
- Stjórnun Vatnsveitu Fjarðabyggðar í samræmi við lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

8. Þjónustu- og tækjamiðstöð

- Skilgreina þjónustu sem látin er í té í þjónustu- og framkvæmdamiðstöð auk tækjamiðstöðvar.
- Ábyrgð á þjónustu og rekstri þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar auk tækjamiðstöðvar Fjarðabyggðar.

Í umboði skipulags- og framkvæmdanefndar fer fjallskilanefnd með ábyrgð á eftirfarandi verkefnum:

- Umsjón og eftirliti með fjallskilum og afréttarmálum.

Laga- og reglurrammi 4. gr.

Skipulags- og framkvæmdanefnd skal í störfum sínum fylgja almennum samþykktum bæjarstjórnar um málefni sveitarfélagsins s.s.

- Stefnumörkun bæjarstjórnar
- Samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar
- Mannauðsstefnu
- Jafnréttisstefnu
- Innkaupareglum
- Ferli og framsetningu fjárhagsáætlunar.

Skipan 5. gr.

Nefndin er skipuð fimm fulltrúum kjörnum af bæjarstjórn og jafnmögum til vara. Bæjarstjórn kís formann nefndarinnar og varaformann. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og bæjarstjórnar.

Nefndin getur í sérstökum tilfellum skipað starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slikum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk innan kjörtímabils nefndarinnar. Í erindisbréfi skal m.a. koma fram hvort leggja skuli reglulegar fundargerðir/skýrslur fyrir nefndina og/eða skila niðurstöðu eða ályktun við lok starfstíma.



Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og rekstri á málasviðum sem heyra undir hana þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Nefndin heldur að jafnaði þrjá fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja nefndarmanna um fund í nefndinni ber að verða við því. Fella má niður fundi að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, undirbýr og ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði nefndarinnar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, og skulu dagskrá og fundargögn fylgja fundarboði. Að jafnaði skulu fundir boðaðir rafrænt. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar eftir því sem við á. Sviðsstjóri skal sitja fundi nefndarinnar með málfrelsis og tillögurétt. Þá getur nefndin boðað til fundar einstaka starfsmenn Fjarðabyggðar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlægja frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Fundargerðir skulu skráðar í tölvu og afrit sent til bæjarráðs að fundi loknum. Um ritun fundargerða fer eftir fyrirmælum samþykktar um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar og nánari verklagsreglum eftir því sem við á. Fundarritun er á ábyrgð sviðsstjóra.

Í upphafi árs skal kynna fundaáætlun nefndarinnar fyrir það ár. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með íbúasamtökum og öðrum hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samhliða gerð fundaáætlunar skal ganga frá dreifingarlista fundargagna og ákveða fyrirkomulag dreifingar.

Samráð

9. gr.

Nefndin ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa og samtök þeirra, frjáls félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum nefndarinnar. Auk lögbundins samráðs skal nefndin leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mala gefur tilefni til.

Fjármál
10. gr.

Nefndin fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir hana heyra og felur sviðsstjóra að vinna starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun nefndarinnar. Nefndin afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður nefndar og sviðsstjóri kynna bæjarráði starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun.

Ráðningar
11. gr.

Bæjarráð ræður sviðsstjóra að fenginni tillögu bæjarstjóra. Sviðsstjóri ræður í störf undirmanna sinna.

Fullnaðarafgreiðsla mála
12. gr.

Skipulags- og framkvæmdanefnd afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar:

- Tillögur til löggreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákværðanir sem hljóta þurfa staðfestingar eða samþykki hans, sbr. 84.-86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.
- Breytingar á deiliskipulagi, sbr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Ákvörðun um að hefja gerð deiliskipulags, sbr. 38. gr. skipulagslaga.
- Framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
- Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingu á landamerkjum samkvæmt 48. gr. skipulagslaga.
- Meðmæli til Skipulagsstofnunar vegna einstakra framkvæmda þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag, sbr. 1. ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum.
- Endurnýjun og framlenging á gildandi lóðarsamningum. Verkefni byggingarnefndar sbr. 7.gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- Ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili og framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki.
- Hvers kyns ákværðanir varðandi starfsemi Hitaveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki staðfestingu gjaldskrár, ársreikninga, fjárhagsáætlun, ákværðanir um breytingu veitusvæðis og ákværðanir um nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- Hvers kyns ákværðanir varðandi starfsemi Vatnsveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki staðfestingu gjaldskrár, ársreikninga, fjárhagsáætlun og ákværðanir um nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.



- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Fráveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki staðfestingu gjaldskrár, ársreikninga, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.

Skipulags- og framkvæmdaneftir getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarráðs og er skyldt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slíkum tilfellum skal nefndin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

Málsmeðferð

13. gr.


Við undirbúning mála og stjórnvaldsákværðanir skal þess gætt að farið sé að sveitarstjórnarlögum, stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýslu.

Óski aðili rökstuðnings eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal viðkomandi leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji bæjarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka mál upp.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 26. mars 2024.

27. mars 2024



Jóna Árný Þórðardóttir

bæjarstjóri